

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Álfhella 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 25. júlí 2007 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga, Álfhelli 8 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreit er snúið og nær að lóðarmörkum. Innakstur frá Álfhelli er óbreyttur en tveimur innkeyrslum er bætt við frá Dranghelli. Bílastæði verða báðum megin húss. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Álfhella 17.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. október 2007 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga, Álfhelli 17 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að gerð verður 1 ný lóð við Álfhelli 17, þar sem áður var grjótvinnsla. Gert er ráð fyrir að staðsetja 1.500-2.000 m² geymsluhúsnæði fyrir flugelda á lóðinni og að húsið verði staðsett um 5 m lægra en nærliggjandi byggingar. Auk þess er gert ráð fyrir stakstæðri byggingu í suðurenda lóðarinnar. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 21. desember 2007,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2008